13. gr.

Ráðuneytið getur sett nánari reglur um framkvæmd varðandi úthlutun botnfiskveiðileyfa.

14. gr.

Ráðherra er heimilt að takmarka framsalsheimildir skipa, sem sérstök leyfi fá til veiða á flatfisk með dragnót.

15. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 38. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988-1990. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

16. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 3, 8. janúar 1988 um stjórn fiskveiða 1988-1990, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1990 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 19. desember 1989.

Halldór Ásgrímsson.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 586 19. desember 1989

REGLUGERÐ

um veiðar á úthafsrækju 1990.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til veiða á rækju, sem veidd er utan viðmiðunarlínu, sbr. lög nr. 81/1976, að undanskildu svæði við Eldey, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 245° frá Reykjanesaukavita, að vestan markast svæðið af 23°40 V og að norðan af 64°05 N.

Rækjuveiðar á Dohrnbanka vestan 26°V skulu undanþegnar ákvæðum reglugerðar þessarar samkvæmt nánari reglum settum í leyfisbréfi.

Ráðherra getur ennfremur ákveðið í leyfisbréfi að rækjuveiðar á ákveðnum svæðum skuli undanþegnar ákvæðum reglugerðar þessarar með ákveðnum skilyrðum.

2. gr.

Á árinu 1990 skulu leyfi til úthafsrækjuveiða miðast við, að heildarrækjuafli á svæði skv. 1. mgr. 1. gr. fari ekki yfir 23 þúsund lestir.

3. gr.

Eftirgreindir skipaflokkar eiga kost á úthafsrækjuveiðileyfi 1990:

1. Loðnuskip. Skip, sem flokkuð eru sem loðnuskip, á grundvelli 2. gr. reglugerðar frá 19. desember 1989, um stjórn botnfiskveiða 1990.
2. Sérhæfð rækjuveiðiskip. Skip, sem áttu kost á að verða sérhæf rækjuveiðiskip á árinu 1989, sbr. 1. – 3. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 553 29. desember 1988, um veiðar á úthafsrækju 1989.
3. Önnur rækjuveiðiskip. Skip, sem úthlutað var veiðiréttindum á grundvelli 5. mgr. 5. gr. og 6. gr. reglugerðar nr. 553, 29. desember 1988, um veiðar á úthafsrækju 1989.

4. gr.

Velja skal fyrir hvert loðnuskip, sbr. 1. tl. 3. gr., á milli botnfiskveiðileyfis með aflamarki og rækjuveiðileyfis með aflamarki.

Velji loðnuskip árið 1990 rækjuveiðileyfi skal því úthlutað sama rækjuaflamarki og skipinu var úthlutað á árinu 1989 og jafnframt 90 lestum af þorski.

5. gr.

Velja skal fyrir hvert sérhæft rækjuveiðiskip, skv. 2. tl. 3. gr. á milli veiðiréttinda skv. 2–4 mgr. þessarar greinar og óskerts botnfiskveiðileyfis skv. 5. mgr. þessarar greinar.

Sérhæfðum rækjuveiðiskipum, sbr. 2. tl. 3. gr., skal skipt í stærðarflokka og hverju skipi gefin kostur á rækjuaflamarki eftir stærð sem hér segir:

1. Skip 500 brl. og stærri:	600 lestir
2. Skip 250 brl. og stærri en minni en 500 brl.:	500 lestir
3. Skip 200 brl. og stærri en minni en 250 brl.:	400 lestir
4. Skip minni en 200 brl.:	300 lestir

Rækjuaflamark hvers rækjuveiðiskips á árinu 1990 skal þó aldrei vera lægra en rækjuaflamark sama skips árið 1989.

Sérhæfðum rækjuveiðiskipum, sem velja rækjuveiðileyfi skv. 2. og 3. mgr. þessarar greinar, skal ennfremur úthlutað einum þriðja hluta af botnfiskaflamarki þeirra og gilda um það aflamark almennar reglur. Botnfiskaflamark þetta skal þó aldrei vera lægra en 165 lestir af þorski fyrir skip skv. tl. 1. og 2. tl. og 85 lestir fyrir skip skv. 3. og 4. tl. 2. mgr. þessarar greinar.

Sérhæfðu rækjuveiðiskipi, sem velur að halda fullum botnfiskveiðiheimildum árið 1990, skal úthlutað sama rækjuaflamarki, sem því hefði verið úthlutað árið 1989, hefði það valið að halda fullum botnfiskveiðiheimildum það ár.

6. gr.

Hverju rækjuveiðiskipi skv. 3. tl. 3. gr. skal á árinu 1990 úthlutað rækjuveiðileyfi með sama aflamarki og skipinu var úthlutað árið 1989.

7. gr.

Skylt er að koma með allan rækjuafla að landi og vigta á löndunarstað, sbr. reglugerð nr. 567, 28. nóvember, um vigtun sjávarafla.

8. gr.

Við ákvörðun stærðar skipa skv. 5. gr. skal miða við gildandi mælingarbréf 31. desember 1987 frá Siglingamálastofnun ríkisins. Komi skip í rekstur eftir 31. desember 1987 skal miðað við fyrsta útgefna mælingarbréf fyrir skipið.

9. gr.

Um framsal rækjuafla og botnfiskafla, skv. 3. mgr. 4. gr. og 4. mgr. 5. gr., gilda ákvæði laga nr. 3/1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990.

Einungis er heimilt með samþykki ráðuneytisins að flytja rækjuveiðiheimildir stærra fiskiskips til minna skips.

10. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 3, 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 3, 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990, til að öðlast þegar gildi 1. janúar 1990 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 19. desember 1989.

Halldór Ásgrímsson.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 587 19. desember 1989

REGLUGERÐ

um veiðar smábáta 1990.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til veiða báta minni en 10 brl., sem ekki hljóta sérstakt botnfiskveiðileyfi samkvæmt 5. gr. laga nr. 3, 8. janúar 1988 um stjórn fiskveiða 1988 – 1990 sbr. 2. gr. reglugerðar 19. desember 1989, um stjórn botnfiskveiða 1990.

2. gr.

Allar botnfiskveiðar báta 6 brl og stærri skulu háðar sérstökum veiðileyfum, ennfremur þorskfisknetaveiðar báta undir 6 brl. svo og línu og handfæraveiðar með aflahámarki.

3. gr.

Bátum, sem eingöngu stunda veiðar með línu- og handfærum eru óheimilar veiðar frá og með 1. janúar til og með 15. janúar 1990 ennfremur í tíu daga um páskahelgi og tíu daga um verslunarmannahelgi og í sjö daga í hvorum mánaðanna júní og október samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Ennfremur frá og með 10. desember til og með 31. desember 1990.

Heimilt er að veita þessum bátum veiðileyfi með aflahámarki, sé þess óskað sérstaklega skv. ákvæðum 6. gr. enda hafi viðkomandi aðili meginhluta tekna sinna af slíkri útgerð. Bátar, sem slík veiðileyfi fá, eru undanþegnir veiðibönnum samkvæmt 1. mgr.

4. gr.

Bátum 6 brl. og stærri sem netaveiðar stunda, skal úthlutað sérstöku veiðileyfi með aflahámarki. Aflahámark fyrir báta 6 brl. og stærri en minni en 8 brl. er 65 lestir ósl. Aflahámark báta 8 brl. og stærri er 85 lestir ósl. Heimilt er þó að úthluta bátum stærri en 9.5 brl. sem teknir voru í notkun á árinu 1987 eða síðar, veiðileyfi með allt að 105 lesta aflahámarki miðað við ósl. enda sé rúmtala þessara báta meiri 50 m^3, sbr. reglugerð nr. 113, 23. janúar 1988, að mati tæknideildar Fiskifélags Íslands, ennfremur bátum sem eru þeim sambærilegir að verði og afkastagetu.

Skulu þessir bátar fylgja almennum reglum um netaveiðar, en eru undanþegnir veiðibönnum skv. 1. mgr. 3. gr.

5. gr.

Bátum undir 6 brl. eru bannaðar allar þorskfisknetaveiðar. Þó er heimilt að veita þeim, sem þorskfisknetaveiðar hafa stundað á bátum undir 6 brl. á árunum 1987 eða 1988, leyfi til þorskfisknetaveiða og eru þeir bátar þá undanþegnir veiðibönnum skv. 1. mgr. 3. gr. en skulu að öðru leyti hlíta almennum reglum um netaveiðar. Fái þeir leyfi til þorskfisknetaveiða skal þeim veitt botnfiskleyfi með 55 lesta aflahámarki miðað við ósl.